Lög um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1955, nr. 52.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 11. maí 1955, nr. 54.

Lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, undirskrifað af forsetanum 20. maí 1955, nr. 55.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. maí 1955, nr. 56.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Borgarfjarðarsýslu, um breyting á hreppamörkum Skorradals- og Hvalfjarðarstrandarhreppa. 41 22. marz

Samkvæmt beiðni frá Jóni og Þorsteini Böðvarssonum, bændum í Grafardal, og meðmælum hreppsnefnda Skorradals- og Hvalfjarðarstrandarhreppa og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt ákvæðum 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir um breyting á hreppamörkum Skorradalshrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps:

1. Jörðin Grafardalur tilheyrir framvegis Hvalfjarðarstrandarhreppi. Hreppamörk Skorradalshrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps breytist í samræmi við það.
2. Ofangreind breyting á hreppamörkum Skorradals- og Hvalfjarðarstrandarhreppa skal miðast við 1. apríl 1955.

Samkomulag hefur náðst milli sveitarstjórna nefndra hreppa um greiðslu bóta vegna flutnings jarðarinnar Grafardals úr Skorradalshreppi í Hvalfjarðarstrandarhrepp.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar.

REGLUGERÐ 42 10. marz

um fasteignaskatt í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Siglufjarðar skal greiða fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945 og lögum nr. 29 4. febr. 1952 af fasteignum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

a. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnum og görðum 0,8%.
b. Af íbúðarhúsum, sem í er verzlun, skrifstofur, vinnustofur, verkstæði o. fl. þess háttar 2,5%.
c. Af óbyggðum lóðum 4%.
d. Af verksmiðjum, síldarsöltunarstöðvum, frystihúsum og öllum öðrum fasteignum en þeim, sem um ræðir í a-, b- og c-lið, 3,5%.

42 10. marz

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100.00 krónum, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigendi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða um önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandinn skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari skal vera 1. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1955. Skattinn ber að greiða hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur tveim mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum og tíðkast á hverjum tíma.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Siglufjarðar, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu, enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, svo og aðrar eignir, sem undanþegnar eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 67 1945.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, sbr. og lög nr. 29 4. febrúar 1952, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Staðfesting ráðuneytisins á upphæð fasteignaskatts samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er bundin við núgildandi fasteignamat.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um fasteignaskatt í Siglufjarðarkaupstað, nr. 72 31. marz 1946, svo og auglýsing nr. 74 31. marz 1952, um breyting á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 10. marz 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.